



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 6. Febrúar 2024

Fundur hófst: 20:05

Fundi slitið: 22:35

Fundinn sátu: Markús, Daniel, Helga Veronica, Pura og Rán

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Fundargerðir

- Fundargerðir frá 15. Ágúst 2023, 31. Október 2023 og 19. Desember 2023 samþykktar

2. Þjófnaður og notkun á bensínkorti Þyts

- Stjórn fjallaði um hvernig bregðast eigi við þjófnaði og notkun á bensínkorti Þyts að upphæð 92.827,-
- Markús og Helga Veronica eru búin að funda við hlutaðeiganda ásamt forráðamanni og játning komin fram. Í kjölfar fundar var ákveðið að aðilinn greiði til baka í sumar.
- Aðilinn fær tækifæri til að vinna sér inn traust í gegnum félagsstarfið hjá Þyt og þarf að borga upphæðina til baka eins fljótt og auðið er.

3. Skýrsla stjórnar

- Markús greinir frá að hún er nánast tilbúin en óskar eftir að Helga Veronica skrifi inn texta um æfingaferðina í vor.

4. Ársreikningur

- Gjaldkeri búin að fá punkta til baka frá skoðunarmanni og koma áfram til endurskoðanda. Ársreikningur og punktar frá skoðunarmanni voru yfirfarnir á fundi.

5. Uppröðun stjórnar

- Daníel Pétursson, Pétur Már Jónasson og Ágústa Valdís Sverrisdóttir eru á leiðinni út. Gabríel Arthúr Pétursson og Þórhallur Sigurðsson bjóða sig fram sem varamenn, Freydís Björnsdóttir býður sig fram sem stjórnarmann.

6. Aðalfundur

- Orrí Björnsson verður fundarstjóri, Daniel Pétursson verður fundarritari.
- Fundurinn verður haldinn 11. Febrúar kl. 14:00 og búið er að auglýsa hann á vefsíðu sem og á facebook.

7. Þjálfaramál



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

- a. Ný umsókn að utan frá 2 þjálfurum. Stjórn sér tækifæri í því að þau gætu mögulega tekið 6. Bekkja kynningarnar og sumarnámskeiðin í sumar. Ákvörðun tekin um að Markús hefji samtalið við þau og kanna þennan möguleika.

8. Aðstöðumál

- a. Nú er komin upp sú staða að breytingar hafa átt sér stað á skipulaginu við Hamarshöfnina. Markús í félagi við Óla í aðstöðunefnd fóru á fund við Kristínu Thoroddssen og í kjölfarið fór Markús á fund með Lilju skipulags- og byggingafulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ sem er ný og fer með þessi mál hjá bænum núna. Í framhaldi af fundinum við Lilju fór Markús á fund með Lúðvík, síðan á fund með Orra og síðan á fund með Kristínu og Lúðvík vegna aðstöðumála. Aðstöðunefnd er að fylgja málinu vel eftir og passa að koma þörfum og hagsmunum Siglingaklúbbsins Þyts á framfæri við alla viðeigandi aðila.